

Lánasjóður sveitarfélaga - Útboð LSS150224

Lánasjóður sveitarfélaga hefur ákveðið að efna til útboðs á LSS150224. Lánasjóðurinn stefnir að því að taka tilboðum að fjárhæð 500 milljónir króna að nafnvirði. Lánasjóðurinn áskilur sér rétt til að hækka og lækka útboðsfjárhæð útboðsins, taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum. Samkvæmt aðalmiðlarasamningi lánasjóðsins við Arion banka, Íslandsbanka, MP Banka og Saga Capital Fjárfestingarbanka, hafa aðalmiðlarar einir rétt á tilboðsgerð.

Óskað er eftir tilboðum í samræmi við eftirfarandi lýsingu:

Útboðsfjárhæð:	500.000.000 (fimmhundruð milljónir króna).
Lágmarkstilboð:	10.000.000 (tíu milljónir króna).
Lánstími:	Til 15. febrúar 2024.
Endurgreiðslur:	Verðtryggðar jafnar hálfárslegar greiðslur.
Nafnvextir:	Fastir vextir 3,75%.
Grunnvísitala:	Verðtryggt með vísitölu neysluverðs (VNV) október 2008, gildi hennar er 312,8.
Einingar:	1 kr. rafbréf.
Þóknun:	Lánasjóðurinn greiðir 0,5% þóknun.
Tilboð:	Í tilboði skal taka fram ávöxtunarkröfu án þóknunar og tilboðsfjárhæð.
Fyrirkomulag:	“Hollensk” uppboðsaðferð þar sem allir tilboðsgjafar fá sömu ávöxtunarkröfu og hæst er tekið. Lánasjóðurinn áskilur sér rétt til að hækka eða lækka útboðsfjárhæð útboðsins, taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði með sama hætti og tilboðum er skilað inn, sé það gert fyrir lok útboðsfrests.
Uppgjör sölu:	Miðvikudaginn 3. nóvember 2010.

Tilboð skulu berast fyrir kl. 16:00, föstudaginn 29. október 2010 til Lánasjóðs sveitarfélaga, b.t. Egils Skúla Þórólfssonar, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Íslandi.

Einnig má senda tilboð í tölvupósti til egill@lanasjodur.is.

Öllum tilboðum verður svarað fyrir kl. 9:30 mánudaginn 1. nóvember 2010.